



6. október 2021  
Tilv.: 2109095

Dreifibréf númer 57/2021

til tilkynningarskyldra aðila skv. a - k lið 1. mgr. 2. gr. laga nr. 140/2018

b.t. ábyrgðarmanns aðgerða gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka

*Efni:* Viðmiðunarreglur EBA um áhættuþætti vegna peningabættis og fjármögnunar hryðjuverka

Evrópska bankaeftirlitsstofnunin (EBA) hefur gefið út viðmiðunarreglur (e. *guidelines*) um áreiðanleikakannanir viðskiptamanna og þætti sem lána- og fjármálastofnanir skulu hafa í huga þegar þær meta hættu á peningabætti og fjármögnun hryðjuverka sem viðskiptasambönd og einstök viðskipti geta haft í för með sér (EBA/GL/2021/02 „The ML/TF Risk Factors Guidelines“).

Viðmiðunarreglurnar koma í stað eldri viðmiðunarreglna um áhættuþætti, sem gefnar voru út júní 2017 af evrópsku eftirlitsstofnununum (ESAs), og teknar hafa verið upp hér á landi, sbr. dreifibréfi til tilkynningarskyldra aðila þann 17. desember 2018.<sup>1</sup> Efni eldri viðmiðunarreglna var m.a. tekið upp í reglugerð nr. 545/2019 um áhættumat vegna peningabættis og fjármögnunar hryðjuverka og reglugerð nr. 745/2019 um áreiðanleikakönnun vegna aðgerða gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka. Síðan þá hefur EBA tekið við skyldum hinna evrópsku eftirlitsstofnana og gefur því viðmiðunarreglurnar út fyrir allan evrópska fjármáلامarkaðinn.

Viðmiðunarreglunum er beint til eftirlitsaðila sem og lána- og fjármálastofnana. Uppfærslan tekur mið af þeim breytingum sem gerðar hafa verið á regluverki Evrópusambandsins (ESB) hvað varðar aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, m.a. fimmtu peningabættistilskipuninni 2018/843/EB, ásamt greiningum á nýlegum peningabættishættum á fjármáلامarkaði og vandkvæðum sem komið hafa upp hjá eftirlitsaðilum og aðilum á fjármáلامarkaði í tengslum við peningabættisvarnir.<sup>2</sup>

Eins og eldri viðmiðunarreglur um áhættuþætti skiptast viðmiðunarreglurnar annars vegar í almennan hluta sem tekur til allra fyrirtækja og hins vegar í sérstakan hluta sem á við um tiltekna geira (e. *sector specific*) þar sem farið er yfir áhættuþætti sem eiga sérstaklega við í þeim geirum.

<sup>1</sup><https://www.fme.is/media/vidmid-fme/Innleiding-vidmidunarreglna-EBA-ESMA-og-EIOPA-um-einfaldada-og-aukna.pdf>

<sup>2</sup> Joint Opinion of the European Supervisory Authorities on the risks of money laundering and terrorist financing affecting the European Union's financial sector. Gefið út í október 2019.

Almenni hluti viðmiðunarreglnanna skiptist í fjóra hluta, þ.e. umfjöllun um áhættumat tilkynningarskyldra aðila, hvernig bera eigi kennsl á áhættuþætti, hvernig meta eigi áhættuþætti og framkvæmd áreiðanleikakönnunar.

Helstu breytingar frá fyrri viðmiðunarreglum varða m.a. skýrari kröfur til annars vegar einstaks áhættumats (e. *individual risk assessment*) og hins vegar áhættumats á starfsemi tilkynningarskylds aðila (e. *business-wide risk assessment*). Viðmiðunarreglurnar setja, eins og í fyrri viðmiðunarreglum, fram áhættuþætti sem fyrirtæki ættu að hafa til hliðsjónar við mat á hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka í tengslum við áhættumatið.

Þá eru gerðar breytingar á kröfum er varða framkvæmd áreiðanleikakönnunar m.a. nánari leiðbeiningar um hvernig bera skuli kennsl á raunverulegan eiganda, notkun tæknilausna til að sanna deili á viðskiptamönnum og aukna áreiðanleikakönnun í tengslum við áhættusöm ríki. Tilgangur þessara breytinga er að að koma á samræmdum aðferðum innan aðildarríkjanna á framkvæmd áreiðanleikakönnunar.

Þá er í viðmiðunarreglunum að finna umfjöllun um fyrirfram útilokun ákveðinna hópa (e. *de-risking*), en slíka umfjöllun var ekki að finna í eldri viðmiðunarreglum. Í því samhengi bendir EBA á að ekki sé gerð krafa um að fyrirtæki slíti viðskiptasambandi við hópa af viðskiptamönnum sem þeir telja áhættusama. Þvert á móti eigi að finna jafnvægi á milli þess annars vegar að veita fjármálaþjónustu fyrir alla og hins vegar þess að milda og stjórna hættu á peningaþvætti og fjármögnun hryðjuverka.

Í sérstaka hluta viðmiðunarreglnanna sem beint er að tilteknum geirum innan fjármálamarkaðarins, hefur verið bætt við viðmiðum fyrir fjöldafjármögnun (e. *crowdfunding*), þjónustu tengdri fjármálum fyrirtækja (e. *corporate finance*), reikningsupplýsingaþjónustuveitendur (e. *account information service provider* eða *AISPs*) og greiðsluvirkjendur (e. *payment initiation service provider*) og fyrirtæki sem veita gjaldeyrisskiptaþjónustu (e. *firms providing activities of currency exchanges office*).

Samkvæmt 3 mgr. 16. gr. ESAs reglugerðanna, sem innleiddar voru með lögum nr. 24/2017 um evrópskt eftirlitskerfi á fjármálamarkaði, eiga lögbær yfirvöld og eftirlitsstofnananna og almennum tilmælum. Tilgangur viðmiðunarreglnanna er að koma á samhæfðri, skilvirkri og árangursríkri eftirlitsframkvæmd innan evrópska fjármálakerfisins ásamt því að tryggja sameiginlega, einsleita og samræmda beitingu á löggjöf innan EES.

Fjármálaeftirlit Seðlabanka Íslands (Fjármálaeftirlitið) mun styðjast við viðmiðunarreglurnar í eftirlitsframkvæmd. Fjármálaeftirlitið beinir því til tilkynningarskyldra aðila að kynna sér viðmiðunarreglur EBA og taka mið af þeim í starfsemi sinni.

Viðmiðunarreglurnar taka gildi 26. október 2021 og ætlast er til þess að eftirlitsaðilar og lána- og fjármálastofnanir starfi í samræmi við þær frá þeim tíma. Viðmiðunarreglurnar eru aðgengilegar hér:

[https://www.eba.europa.eu/sites/default/documents/files/document\\_library/Publications/Guidelines/2021/963637/Final%20Report%20on%20Guidelines%20on%20revised%20ML%20TF%20Risk%20Factors.pdf](https://www.eba.europa.eu/sites/default/documents/files/document_library/Publications/Guidelines/2021/963637/Final%20Report%20on%20Guidelines%20on%20revised%20ML%20TF%20Risk%20Factors.pdf)

Fjármálaeftirlitið ráðgerir að halda kynningu á efni viðmiðunarreglnanna í byrjun nóvember. Nánari tímasetning verður send með tölvupósti.

Virðingarfyllst,

SEÐLABANKI ÍSLANDS


Fjármálaeftirlit

  
Björk Sigurgísladóttir

framkvæmdastjóri

lagalegt eftirlit og

vettvangsathuganir

  
Ásdís Nordal Snævarr

lögfræðingur

lagalegt eftirlit og

vettvangsathuganir